

**KJARVAI**

**20% afsláttur**

**1574 KR. KG.**

SS grand orange helgarsteik

**30% afsláttur**

Móa læri/leggir magnkaup og Tex mex kjúklingalæri/leggir

**998 KR. PK.**

Rib world spare ribs

**1298 KR. PK.**

Rose kjúklingabringur 900 gr

**20% afsláttur**

**1429 KR. KG.**

SS kryddlegnar svínaköttlettur

**399 KR. STR.**

Merrild kaffi 103

**139 KR. STR.**

Coke light 2 l

**299 KR. STR.**

Myllu fjölkör-nasamlökubrauð

**20% afsláttur**

**349 KR. PK.**

Cocoa Puffs 465 gr

**20% afsláttur**

**452 KR. PK.**

Neutral þvottaefti 8 kg

**15% afsláttur**

Trópi appelsínusafi- og nýkrestur safi með aldinkjöti

**20% afsláttur**

Svartir rustapokar, einnig með hötdum

**- Gleðilegt sumar -**

# VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum**

## Kvenfélagið Hvöt.

Aðalfundur hjá kvenfélaginu Hvöt verður haldinn á Hörgslandi 4. maí kl. 20.30.

Venjuleg aðalfundarstörf. Nýjar félagskonur velkomnar.

Stjórnin.

## Hjallatún

Helgistund verður á Hjallatúni á uppstigningardag, 1. maí nk. kl. 16:00.

Samkór Mýrdælinga syngur. Undirleikari er Kitty Kovács.

Sóknarprestur

VÍSA VIKUNNAR

Sveitin heilsar sumarhlý Sólin vermir mosagrjót uppi höfðann í himinn rétt við Kúðafljót

Höf. Sara

## NUDD Á KLAUSTRI

Verð á Geirlandi að nudda, helgina 3. og 4. maí.

30 mín 3000 kr.

60 mín 4500 kr.

Tímappantanir í síma 8493585 eða email: [lindaharalds@gmail.com](mailto:lindaharalds@gmail.com)



Vonast til að sjá sem flesta :o).

Kær kveðja Linda

SAMHERJAR

FÉLAG ELDRI BORGARA

## Í MÝRDAL OG A-EYJAFJÖLLUM

Síðasta samvera fyrir sumarhlé í Leikskálum föstudaginn 2. maí kl. 15:00

Sveinn Pálsson sveitarstjóri mætir á fundinn

Takið danskóna með ykkur

Stjórnin

SMÁAUGLYSINGAR

18. TBL. 12. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 30. APRÍL 2008

# Raularinn 2008

## Hótel Höfðabrekku

miðvikudaginn 30. apríl

Húsið opnar kl 18:30

Chelsea - Liverpool í beinni á breiðtjaldi kl. 18:45

Keppnin hefst kl. 21:00

Sætaferðir frá bankaplaninu í Vík kl. 20:30  
og til baka eftir ball

Aðgangseyrir kr. 1.500 - í reiðufél!  
Munið eftir hraðbankanum

Raularakaffi í Kaupþingi - Útvarp Raularans FM 103,5



Víkurskáli og Hótel Höfðabrekka styrkja Raularann 2008

## Fundarboð

Aðalfundur Ferðamálafélags Skaftárhrepps verður haldinn á Hótel  
Klaustri, Kirkjubæjarklaustri mánudaginn 5. maí 2008 kl. 14.00

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf

Önnur mál

Að loknu kaffihléi flytur Rögnvaldur Ólafsson erindi sem nefnist  
"Ferðamennska við Laka" höfundar eru Rögnvaldur Ólafsson og Anna Dóra  
Sæþórsdóttir, Háskóla Íslands.

Fundurinn er öllum opinn og er fólk sérstaklega hvatt til að mæta og fræðast  
um rannsóknir sem unnar voru á þolmörkum ferðamennsku á Lakasvæðinu  
árið 2007. Nýir félagar eru sérstaklega velkomnir.

Stjórnin

Vasahandbók piparsveinsins

Vanti þig konu, og viljirðu ráð

þess vitra í alvöru heyra,

þá hef ég á bréfnisfi heilræði skráð,  
um hárlit kvenna, og fleira.

Ef svarthærða eignast, þá undrar ei mig,  
þó indælt sé brjóstið og maginn,  
að setj' 'ún í rúminu rassinn í þig  
og ræn' af þér veskinu á daginn.

Þær ljósu oss heilla, en lítum með sann

á leyndadóm traustustu raka:

Þær elska jú gjarnan hvern einhleypan mann,  
en ekki sinn löglega maka.

Þær rauðhærðu eiga sitt ólgandi blóð

og ástina heita þér sverja,

en skapið er eimyrju ólgandi glóð

og eiginmenn sína þær berja.

En láttu ei hugfallast, loks kemur sú,

er ljá mun þér tryggð sína alla,

og fer ekki í burt, verður falslaus og trú,

já, fáðu þér konu með skalla.

Jónas Friðrik Guðnason

Góðir þessir.....

Þegar Guð hafði skapað Adam og Evu sagði  
hann: "Nú á ég tvær gjafir eftir handa ykkur,  
kúntina að pissa standandi og.." "Hana vil  
ég fá!" hrópaði Adam. Eva kinkaði kolli  
játandi og Adam fékk gjöfina... Adam skrkti  
af kæti, hljóp um allan lystigarðinn, pissaði á  
trén upp og niður, þaut niður á strönd og piss-  
aði allskyns munstur í sandinn... Guð og Eva  
fylgdust kímin með hamingju Adams og Eva  
spurði "hver er hin gjöfin?"

Guð svaraði:

"Heilinn, Eva... heilinn.."

Fíll og mús voru á leið yfir brú.

Fíllinn: Mikið svakalega brakar í brúnni. Ég  
held hún sé hreinlega að detta í sundur.

Músin: Það er nú engin furða þegar við erum  
bæði á henni í einu.

Smáauglýsing:

Bolabítur til sölu. Borðar hvað sem er. Hefur  
mjög gaman af börnum.

# Kröfur Stórsveitarinnar DISS til tónleikahaldara:

Hótel svíta og þá meinum við SVÍTA  
og pottunum verði lokað fyrir almenning milli 2 og 7

Bílastæðin við tónleikahúsið verði rýmd klukkan 7



1 kg af bleiku M&M  
3 stk svartar hænur  
1 stk óborin þrilemba  
1 karton gult tape

Og svo skellur óveðrið Á !!

UmbóDISS

*Vegir undir Eyjafjöllum; Skálavegur* Verkinu skal að fullu lokið 1. september  
(246)– *Skógar* (2288) – 2008.  
*Mýrdalsjökulsvegur* (222 15.4.2008) Tilboð opnuð 15. apríl 2008

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endur-  
gerð samtals 4,2 km vega á 5 vegum undir  
Eyjafjöllum; Skálavegur ásamt 2 heim-  
reiðum, nýr vegur að samgöngusafninu á  
Skógum og nýtt ræsi í stað einbreiðrar  
brúar á Mýrdalsjökulsvegi ásamt vegagerð  
þar. Helstu magntölur eru:

|             |                 |
|-------------|-----------------|
| Skeringar   | Neðra burðarlag |
| 5.590       | 6.490           |
| m3          | m3              |
| Fyllingar   | m3              |
| 5.670       | Efra burðarlag  |
| m3          | 3.435           |
| Fláafleygar | m3              |
| 1.780       | Tvöföld klæðing |
| m3          | 28.015          |
| Ræsi        | m2              |
| 126         | Frágangur fláa  |
| m           | 25.025          |
|             | m2              |

Bjóðandi Tilboð kr. Hlutfall Frávik þús.kr.  
Heflun ehf., Hellu 55.260.900 165,5 23.248  
Sigurgeir L. Ingólfsson, Hvolsvelli  
45.244.880 135,5 13.232

Bíladrangur ehf., Vík 41.489.055 124,2  
9.476

Vélgrafan ehf., Selfossi 36.555.700 109,4  
4.543

Þjótandi ehf., Hellu 36.492.800 109,3 4.480  
Vörubílstjórafélagið Mjöltnir, Selfossi  
35.770.400 107,1 3.758

Eining sf., Hvolsvelli 35.304.475 105,7  
3.292

Sigurjón Á Hjartarson, Brjánsstöðum  
34.180.550 102,3 2.168

Áætlaður verktakakostnaður 33.400.000  
100,0 1.387

Framrás ehf., Vík 32.012.850 95,8 0

## FUNDARGERÐ MÝRDALSHREPPS

434. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps,  
haldinn fimmtudaginn 17. apríl 2008 kl. 16:00 á  
skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn.  
Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu.  
Oddviti, Þórhildur Jónsdóttir setti fund og  
stjórnaði.

Gerðir fundarins:

Oddviti leggur fram tillögu að dagskrárbreytingu  
þannig að fundargerð rekstarnefndar Hjallatúns  
frá 2. apríl s.l verði tekin til umfjöllunar undir lið  
I-5 og að fjallað verði um Brekkur III undir lið  
III-5. Samþykkt.

Sveitarstjóri gerir grein fyrir verkefnum frá  
síðasta fundi.

### I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð 149. fundar skipulags- og bygg-  
ingarnefndar frá 10. apríl 2008.

Karl gerir grein fyrir sjónarmiðum sínum  
varðandi lið 3 b) í fundargerðinni og vikur af  
fundi fyrir afgreiðslu.

Fundargerðin samþykkt.

Karl kemur inn á fundinn.

2. Fundargerð 4. fundar umhverfis- og náttúru-  
verndarnefndar frá 8. apríl 2008.

Á fundinum var lagt til að stofnað verði til til-  
tektarviku 1.-7. júní nk. þar sem íbúar verði  
hvattir til að taka til í sínu nánasta umhverfi.  
Nefndin minnir einnig á sérstakt hreinsunaráttak  
skv. bókun sveitarstjórnar frá 20. september  
2007. Fundargerðin samþykkt.

Sveitarstjóri hvetur forsvarsmenn fyrirtækja og  
bændur til að hreinsa til á lóðum sínum og  
bújörðum og samþykkir að niðurgreiða  
gámaþjónustu um 50% út júnímánuð.

Sveitarstjóri samþykkir einnig að óska aðstoðar  
landsskrifstofu Staðardagskrár 21 við gerð  
stöðuskýrslu en Mýrdalshreppur hefur verið  
aðili að verkefninu frá árinu 1998.

3. Fundargerð 7. fundar atvinnuálagnefndar frá  
15. apríl 2008.

Á fundinum var samþykkt að boða til fundar um  
stofnun markaðs- og kynningarklasa 21. maí nk.  
Fundargerðin samþykkt.

4. Fundargerð 150. fundar fræðslunefndar frá 15.  
apríl 2008. Fundargerðin samþykkt.

5. Fundargerð 151. fundar rekstarnefndar  
Hjallatúns frá 2. apríl 2008.

Fundargerðin samþykkt.

### II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Bréf Sýslumannsins í Vík dags. 11. apríl  
2008.

Þjörgvin vikur af fundi.

Óskað er umsagnar vegna fyrirhugaðra leyf-  
isveitinga vegna reksturs gististaðar í flokki III í  
Norður-Vík, gististaðar í flokki I að Görðum,  
gististaða í flokki V fyrir Hótel Dyrhólaey og  
Hótel Höfðabrekku og veitingarstaðar í flokki II  
fyrir Hótel Höfðabrekku. Opnunartíma  
áfengisveitinga á Hótel Höfðabrekku og Hótel  
Dyrhólaey til 23:00 en til 01:00 um helgar og  
frídag. Í öllum tilfellum er um að ræða  
endurnýjun leyfa.

Sveitarstjóri gerir ekki athugasemdir við útgáfu  
leyfanna.

Þjörgvin kemur inn á fundinn.

2. Frá fyrri fundi - bréf Markaðsstofu Suðurlands  
dags. 27. febrúar 2008.

Sveitarstjóri samþykkir þátttöku í verkefninu  
næstu þrjú árin með árlegu framlagi sem nemur  
kr. 500 pr. íbúa. Sveitarstjóri gerir ráð fyrir að  
stofan verði fjármögnuð af öðrum en sveitar-  
félögunum eftir þann tíma. Sveitarstjóri hvetur  
einnig Markaðsstofuna til að ráðstafa einu  
stjórnaðri til starfsmanna Atvinnuþróunar-  
félags Suðurlands.

### III. Málefni til umfjöllunar / afgreiðslu.

1. Ársreikningur Mýrdalshrepps 2007, seinni  
umræða.

Reikningurinn var lagður fyrir sveitarstjóri til  
fyrri umræðu 1.apríl s.l. undirritaður af  
endurskoðanda og skoðunarmönnum.  
Reikningurinn sýnir jákvæða rekstarmiðurstöðu  
sem nemur 32 millj. kr. auk nokkurrar lækunar  
langtímaskulda. Eru þetta veruleg umskipti til  
hins betra frá liðnum árum. Munar þar mestu  
um hækkun tekna, bæði útsvars og framlaga  
Jöfnunarstöðs.

Sveitarstjóri samþykkir ársreikninginn með  
áritun sinni.

2. Ársreikningur Hjallatúns 2007, seinni  
umræða.

Fyrir liggur ársreikningur Hjallatúns fyrir árið

2007, undirritaður af forstöðumanni. Reikningurinn var lagður fyrir rekstarnefnd Hjallatúns þann 2. apríl s.l. Samkvæmt ársreikningnum námu rekstrartekjur 94,2 millj. kr. Rekstrargjöld námu 93,7 millj. kr. og fjármagnsgjöld voru neikvæð um 1,6 millj. kr. Rekstrarmiðurstaða er því neikvæð um eina millj. kr. sem er nokkuð betri niðurstaða en á árinu 2006.

Sveitarstjórn samþykkir ársreikninginn með áritun sinni og felur sveitarstjóra að senda reikninginn til Ríkisendurskoðunar.

### 3. Umsagnir um þingmál.

Efnahags- og skattanefnd Alþingis óskar umsagnar um frumvarp til laga um skráningu og mat fasteigna, 529. mál.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við frumvarpið enda verði tryggt að sveitarfélög fái tekjur til að mæta auknum verkefnum sem felast í frumvarpinu.

### 4. Ketilsstaðaskóli.

Fyrir liggur samningur við Hótel Dyrhólaey um leigu á Ketilsstaðaskóla frá 1. maí -31. ágúst 2008. Sveitarstjórn samþykkir samninginn.

### 5. Brekkur III

Fyrir liggur að ábúendur á ríkisjörðinni Brekkum III hafa sagt upp ábúð frá og með næstu fardögum. Sveitarstjórn hvetur landbúnaðarráðherra til að auglýsa jörðina til ábúðar eða sameina jörðina að hluta eða í heild aðliggjandi jörðum og styrkja með því búrekstur sem fyrir er.

Elín víkur af fundinum.

### IV. Efni lagt fram til kynningar:

1. Fundargerð 9. fundar félagsmálanefndar frá 1. apríl 2008.

2. Fundargerð 103. fundar stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands frá 10. mars 2008.

3. Fundargerð 107. fundar heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 18. mars 2008.

4. Fundargerð 413. fundar stjórnar SASS frá 2. apríl 2008.

5. Fundargerð 274. fundar stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 28. mars 2008.

6. Fundargerð 275. fundar stjórnar

Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 4. apríl 2008.

7. Fundargerð XXII. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 4. apríl 2008.

8. Listi yfir röð sveitarfélaga samkvæmt vegnu meðaltali í jafnréttisvogninni.

9. Bréf Ásahrepps dags. 22. febrúar 2008.

10. Ályktanir aðalfundar Félags leikskólakennara frá 13.-14. mars 2008.

11. Bréf Jöfnunarsjóðs dags. 31. mars 2008.

12. Bréf Félags- og tryggingamálaráðuneytis dags. 11. apríl 2008.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:15

Þórhildur Jónsdóttir oddviti, Björgvin Jóhannesson varaoddviti, Elín Einaradóttir, Sveinn Pálsson sveitarstjóri, Karl Pálmason.

### Gömul húsráð

úr bókinni *sagnir og sögur eftir Björn J. Blöndal*

### Dýjamosi

Stundum þegar gert var að sárum var dýjamosi lagður að þeim og þótti afbragð. Sagt var að ekki græfi þá í sárum og þau gréru fljótt og vel. Ekki mátti taka mosann nálægt bústöðum manna.

### Hlustarverkur

Til að lækna hlustaverk var tekinn svolítill ullarhnoðri og honum dyfið í volgt lýsi og látið inn í hlustina. Þetta þótti gott lyf. Ennþá betra þótti þó bómullarhnoðri vættur í volgri laxerólú.

### Vorslen

Vorslen var oft læknað með skarvakáli. En þeir sem ekki gátu náð í það notuðu í þess stað blöð af ætífli (*Taraxcum vulgare*), túnsúru (*Rumex acetoda*) eða Ólafssúru (*Oxýria digyna*). Einnig blöð af ljónslappa (*Alchemilla alpina*) og njóla.

# Sveitarstjórn Mýrdalshrepps

*er boðuð á Tónleikahaldið Raularann sem fram fer á Höfðabrekku.*

*Einhverjar upphitunargrúppur eru að þvælast þarna inná milli en þið spottið sigurvegara þegar þið sjáið þá!!  
Þið þurfið ekkert að mæta tímanlega en munið eftir  
M&Minu og fóðrinu fyrir hænurnar.*

**Slöngurnar eru svo sannarlega stærri hjá okkur !!**

UmbóDISS

# Starfsfólk óskast til starfa

*við sundlaugina á Kirkjubæjarklaustri  
frá 1. júní til 31. ágúst í sumar.*

Umsækjendur þurfa að vera orðnir 18 ára og standast hæfnispróf sem kveðið er á um í reglum um öryggi á sundstöðum (mmrn. o.fl. 1999).

Laun skv. kjarasamningi Starfsgreinasambandsins og launanefndar sveitarfélaga.

Skriflegar umsóknir berist skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 15, 880 Kirkjubæjarklaustri eða á netfang [klaustur@klaustur.is](mailto:klaustur@klaustur.is)

Nánari upplýsingar í síma 487 4840.  
Sveitarstjóri